

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gísli Hjálmarsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni f. h. Stefáns Magnússonar, 302 kr. 52 a. með 5% ársvöxtum frá 3. des. 1915 til greiðsludags. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað. Málskostnaður fyrir yfir dómi falli niður. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr., greiðist úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. desember 1917.

Nr. 33/1917.

Björn Gíslason

gegn

Sigurði Ólafssyni og settum sýslumanni Eiríki Einarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Sigurður Ólafsson fyrverandi sýslumaður í Kallaðarnesi, fyrir gestarétti Árnassýslu gegn áfrýjanda, Birni Gíslasyni bónda á

Ásgautsstöðum, fyrir meiðyrði um hann í 2 blaðagreinum undirrituðum af Birni Gíslasyni, sem prentaðar eru í 17. og 27. tbl. X. árgangs blaðsins »Lög-rétta«, er út kom í Reykjavík 7. apríl og 16. júní 1915; hin fyrri greinin með fyrirsögninni »Nauðgun embættisvalds eða?« og síðari greinin með fyrirsögninni »Gaulverjabæjarmálið. Réttarfar í Árnassýslu«. Var málið dæmt í nefndum rétti hinn 10. apríl þ. á. þannig, að Björn Gíslason var samkv. 217., 218. og 219. gr. hinna almennu hegningarlaga dæmdur til að sæta þja mánaða einföldu fangelsi og hin átöldu ummæli um stefnda, Sigurð Ólafsson, dæmd dauð og ómerk. Svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 35 kr. í málskostnað. Fyrir ósæmilegan rit-hátt í varnarskjölum sínum fyrir gestaréttinum var áfrýjandi dæmdur í sekt, 15 kr., til landssjóðs, og 15 kr. til sveitarsjóðs Stokkseyrarhrepps.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms-ins með stefnu útgefinni 14. apríl þ. á., og hefir hann stefnt Sigurði Ólafssyni fyrv. sýslumanni og undir-dómaranum, settum sýslumanni Eiriki Einarssyni. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og málinu vísað frá undirrétt-inum og stefndi, Sigurður Ólafsson, dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu; til vara að málinu verði vísað heim til nýrrar og löglegri með-ferðar og undirdómarinn, settur sýslumaður Eiríkur Einarsson, verði dæmdur til að víkja sæti í málinu; til þrautavara að hann verði sýknaður af öllum kær-um og kröfum stefnda, Sigurðar Ólafssonar, og hann dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, svo

og sekt fyrir óþarfa þrætu og að undirdómarinn verði dæmdur í sekt, fangelsi eða embættismissi fyrir ólöglega meðferð málsins. Loks krefst hann, að báðir hinir stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu, eða eftir réttarins mati, og stefndi, Sigurður Ólafsson, til að greiða málskostnað fyrir undirrétti, hvernig sem málið fer.

Ennfremur krefst áfrýjandi þess, að allir dómendur yfirréttarins víki úr dómarasæti í máli þessu, með því að hann, áfrýjandi, hafi neyðst til þess að höfða mál gegn þeim; en þar sem mál þau, er áfrýjandi hefir höfðað gegn yfirdómendum, snerta alls ekkert mál það, er hér ræðir um, er engin heimild til þess, að þeir víki sæti í málinu.

Stefndu krefjast þess hinsýegar, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins. Það athugast, að fyrir undirrétti hefir stefndi lagt fram 39. tbl. blaðsins »Ísafold« 1915, og er í dómsgerðum sagt, að skjal þetta fylgi úr originali. Skjal þetta hefir þó ekki verið lagt fram í yfirdómi, en þar eð unt er að fella dóm um málið, þótt skjal þetta vanti, og umboðsmaður stefnda hefir ekki krafist frávisunar af þessari ástæðu, virðist eigi þörf að vísa málinu frá yfirdómi.

Kröfu sína um að málinu verði vísað frá undirrétti byggir áfrýjandi sumpart á því, að það hafi verið rekið fyrir gestarétti og sumpart á því, að stefndi hafi ekki í stefnunni til gestaréttarins nægilega sundurliðað sakarefnið, heldur krafist ómerking-

ar á heilum blaðagreinum. Um hina fyrri frávísunar-
ástæðu er það að segja, að þar sem sækjandi fyrir
undirrétti var búsettur í annari þinghá en stefndi,
var honum heimilt að höfða málið og reka það fyrir
gestarétti. Hin ástæða áfrýjanda fyrir frávísunar-
kröfunni verður heldur eigi tekin til greina, þegar
af þeirri ástæðu, að stefndi hefir fyrir gestaréttinum
með framhaldsstefnu, sem lögð var til sátta, tilgreint
ummæli þau í nefndum greinum, er hann hefir talið
sérstaklega meiðandi fyrir sig. Krafa áfrýjanda um
frávísun málsins frá gestaréttinum verður þannig
eigi tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um heimvísun málsins og um
að undirdómarinn sé dæmdur til að víkja sæti í mál-
inu hefir ekki við neitt að styðjast og verður ekki
tekin til greina.

Ummæli þau í nefndum blaðagreinum, sem sér-
staklega eru átalín, eru þessi:

Í fyrri greininni: fyrirsögn greinarinnar: »Nauðg-
un embættisvalds — eða?« og síðar í greininni: »Af
framansögðu þykir mér auðsætt, að sýslumaður ætli
sér um lög fram að hrekja mig frá Gaulverjabæ«
. . . »Fæ eg ekki betur séð, en að honum sé þetta
svo mikið kappsmaal, að hann hopi eigi fyrir að
nauðga sjálfstæði hreppstjóra, og er ekki þetta nauðg-
un á embættisvaldi til að koma vilja sínum fram?«
. . . »en hitt gegnir furðu, að vörður laganna verði
til þess að traðka lögin til þess að þoka úr vegi
smámenni sem mér«. Í síðari blaðagreininni þessi
ummæli: »en aftur aðrir . . . þóttust þess fullvissir,
að hann mundi einskis svífast, eigi gæta laga né

sanngirni, en berja sitt fram með valdi« . . . »Þótti mér því líkast, að sýslumaður hefði séð skömm sína og ætlaði að létta lögbrotum á mér« . . . »en hefði hann þá sagt, að eg skyldi frá jörðinni fara hvað sem það kostaði. Hvað er það, sem ekki má búast við frá þeim embættismanni, er lætur sér slíkt um munn fara?« . . . »en ofsi var þá svo mikill í sýslumanni, að hann braut frið kirkjunnar á næturpeli og rændi graftólum hennar til þess að gera húsbrot á mér«. »Hefði gestur, er hjá mér var, ekki talað vit fyrir sýslumann, hefði hann óefað bætt þeirri svívirðingu ofan á önnur lögbrot sín í þessu máli, að bera út muni, fénað, fólk og gesti mína um há-nótt«. »Þegar sýslumaður hafði loks séð skömm sína, ætlaði eigi betra að taka við, og sannaðist þar hið fornkveðna, að fé er jafnan fóstri líkt«. »Það mun sannmæli, að sýslumaður hafi sýnt afburða röggsemi í máli þessu, er segja má, að næst gangi hans um land alt nafnfrægu rannsókn á orsökum »Ingólfs-brunans« á Eyrarbakka, sem honum alt að þessu hefir tekist að halda í ógagnsæjum eða kanske réttara hálfgagnsæjum »reyk«, þrátt fyrir allar upplýsingar, sem fram hafa komið«. Öll þessi ummæli hafa verið dæmd dauð og ómerk í hinum áfrýjaða dómi.

Tilfnið til hinna átöldu greina er það, að áfrýjandi hafði sótt um ábúð á kirkjújörðinni Gaulverjabæ, og er hann fekk ekki byggingu fyrir jörðinni, ritaði hann fyrri greinina í 17. tbl. »Lögréttu«; heldur hann því fram, að umráðamaður jarðarinnar, hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi, hafi lofað sér

byggingu fyrir jörðinni, en að stefndi hafi neytt hreppstjórnann til þess að ganga á gefið loforð til þess að geta bægt sér frá jörðinni og geta bygt hana öðrum. Með þessu telur hann ummæli greinarinnar nægilega réttlætt. Auk þess telur hann, að hin framangreindu átöldu ummæli séu slitin út úr réttu sambandi, og þótt þau kynnu að varða við lög út af fyrir sig, þá séu þau ósaknæm í því sambandi, sem þau standi í í greininni. — Hlutadeigandi hreppstjóri hefir verið leiddur sem vitni, og hefir hann borið það og unnið eið að, að hann hafi ekki gefið áfrýjanda neitt ákveðið loforð um byggingu jarðarinnar og að hann hafi ekki mælt með því, að jörðin yrði honum byggð. Áfrýjandi hefir þannig ekki getað fært nein rök fyrir því, að stefndi hafi á neinn hátt gengið á rétt hans, áfrýjanda, við byggingu Gaulverjabæjar, en það er í hinni umræddu grein með hinum átöldu framangreindu ummælum í því sambandi, er þau standa í greininni, ótvírætt borið á stefnda, að hann hafi misbeitt embættisvaldi sínu til að bola áfrýjanda frá jörðinni, og þar sem áfrýjandi hefir ekki réttlætt þessi ummæli, en þau eru mjög meiðandi og móðgandi fyrir stefnda, ber að dæma þau dauð og ómerk og dæma áfrýjanda til refsingar fyrir þau.

Hina síðari grein, í 27. tbl. »Lögréttu«, ritaði áfrýjandi eftir að stefndi, er þá var sýslumaður í Árnassýslu, hafði neyðst til þess að bera áfrýjanda út af Gaulverjabæ, með því áfrýjandi, þótt hann hefði eigi fengið jörðina byggða, sat þar fram yfir fardaga og meinaði löglegum ábúanda að komast að

jörðinni. Krafðist þá hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi að áfrýjandi væri borinn út af jörðinni. Samkvæmt þeirri kröfu kvað stefndi sem fógeti upp þann úrskurð, að áfrýjandi skyldi borinn út af jörðinni, en þegar áfrýjandi skeytti úrskurðinum að engu, heldur lokaði húsum fyrir fógetanum, þá var það að stefndi gerði ráðstafanir til þess að opna húsið með valdi, en til þess kom þó eigi, með því gjörðinni var frestað til næsta dags, en þá fór útburðurinn fram án þess áfrýjandi veitti fógetanum mótstöðu.

Í grein þessari, sem rituð er í framhaldi af hinnu fyrri, er með hinum átöldu framangreindu ummælum því enn dróttað að stefnda, að hann hafi misbeitt embættisvaldi og brotið lög á áfrýjanda, og er ráðist á hann með ósvifnum móðgunaryrðum; borið á hann, að hann hafi brotið frið kirkjunnar á næturþeli og rænt graftólum hennar til að gera húsbrot á áfrýjanda, og að lokum fer áfrýjandi mjög meiðandi orðum um rannsókn stefnda sem lögreglustjóra á svonefndum Ingólfsbruna á Eyrarbakka, og verða ummæli hans, er að þessu lúta, ekki skilin öðruvísi en svo, að hann gefi það ótvírætt í skyn, að stefndi hafi gert sér far um að haga rannsókninni svo, að hinar sönnu orsakir brunans mættu dyljast, og hefir áfrýjandi ekki að neinu leyti getað réttlætt þessar aðdróttanir sínar og brigslyrði um stefnda.

Þar sem hin framantöldu ummæli áfrýjanda um stefnda eru mjög meiðandi og órökstudd, ber að fallast á það, að þau eru í hinum áfrýjaða dómi dæmd dauð og ómerk, og verður áfrýjandi að sæta refs-

ingu fyrir þau samkvæmt 217. og 219. gr., sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með tilliti til þess, að meiðyrðin eru birt í víðlesnu blaði, þykir refsingin hæfilega ákveðin 300 kr. sekt til landssjóðs, eða 60 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, og ber áfrýjanda að greiða stefnda, Sigurði Ólafssyni, málskostnað fyrir yfirrétti, er ákveðst 30 kr.

Ákvæði gestaréttardómsins um sekt fyrir ósæmilegan rithátt og um ómerkingu orðanna samþykkjast.

Svo sem áður hefir verið sagt, hefir áfrýjandi stefnt undirdómaranum, settum sýslumanni Eiriki Einarssyni, og krafist þess, að hann verði dæmdur í sekt, fangelsi eða embættismissi fyrir ólöglega meðferð málsins, en til þess er engin heimild með því að meðferð hins stefnda dómara á málinu hefir að öllu leyti verið lögmæt. Það ber því að sýkna hann af öllum kröfum áfrýjanda. Hinn stefndi undirdómari hefir krafist málskostnaðar; áfrýjandi hefir mótmælt þessari kröfu sökum þess, að hann hafi ekki mætt við fyrirtekt málsins, en þar sem stefndi mætti síðar í málinu og kom fram með vörn í því, hefir hann rétt til að krefjast málskostnaðar, og þykir eftir ástæðum rétt, að áfrýjandi greiði honum málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr.

Í sóknarskjölum sínum hér fyrir réttinum fer áfrýjandi ýmsum ósæmilegum orðum um undirdómarann og umboðsmann hinna stefndu, yfirréttarmálaflutningsmann Odd Gíslason. Um undirdómarann segir áfrýjandi meðal annars að hann reiði

ekki dómgreindina í þverpokum«, kallar dóm hans »andans applafyl« og ber honum hlutdrægni á brýn. Vörn Odds, er hann kallar »blekglittu« likir hann við marglittu og segir, að báðar glitturnar þenjst mjög út og séu daunillar, og er á þeim sé tekið sé ekkert eftir nema slorið og slepjan. Fyrir þennan hneykslanlega rithátt verður áfrýjandi að sæta sekt, 20 kr. til landssjóðs og 20 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Framantalín ummæli um undirdómarann ber að dæma dauð og ómerk samkvæmt kröfu hans.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Björn Gíslason, greiði 300 kr. sekt til landssjóðs, en verði sektin ekki öll greidd innan ákveðins tíma, skal hann sæta 60 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hann hinum stefndu, Sigurði Ólafssyni og Eiríki Einarssyni, 30 kr. hvorum.

Fyrir ósæmilegan rithátt fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi sekt, 20 kr. til landssjóðs og 20 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og skulu framantalín ummæli um undirdómarann vera dauð og ómerk.

Dómi þessum skal fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.